

## REGLUGERÐ

### um gildistöku tilskipunar ráðsins 96/93/EB um vottun dýra og dýraafurða.

#### 1. gr.

##### *Innleiðing.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Tilskipun ráðsins 96/93/EB frá 17. desember 1996 um vottun dýra og dýraafurða. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 39, 15. júlí 2010, bls. 1.

#### 2. gr.

##### *Þvingunarúrræði og viðurlög.*

Um þvingunarúrræði og brot gegn reglugerð þessari er varða viðurlögum fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a–30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir, 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eða ákvæðum laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir.

#### 3. gr.

##### *Eftirlit.*

Matvælastofnun annast eftirlit samkvæmt reglugerð þessari.

#### 4. gr.

##### *Lagastöð.*

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 17. gr. a laga nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og 31. gr. laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir.

#### 5. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Þó taka efnisákvæði þessarar reglugerðar ekki til kjöts, mjólkur, eggja og hrárra afurða úr þessum matvælategundum fyrr en 1. nóvember 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 19. júlí 2010.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*